

## Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs 3. fundur 29. maí 2001

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs þriðjudaginn 29. maí 2001 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1-3, 3. hæð, og hófst kl. 16.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Ólafs Briem bæjarritara og Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar.

Formaður setti fund og bauð þangað velkominn Ólaf Briem bæjarritara, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem send hafði verið út og var sem hér segir:

1. Fundur með bæjarritara.
2. Greinargerð héraðsskjalavarðar um stöðu mála.
3. Tækjabúnaður.
4. Kynning á safninu og fyrirhuguð opnun þess.
5. Önnur mál.

### 1. Fundur með bæjarritara.

Óskað hafði verið eftir því að bæjarritari, Ólafur Briem, kæmi á fundinn til gagnkvæmrar kynningar og til þess að stjórnarmenn og skjalavörður gætu skipst á skoðunum og fyrirspurnum um safnið, starfsemi þess og fyrirkomulag í stjórnkerfi bæjarins.

Formaður spurðist fyrir um heimildir stjórnar, m.a. skuldbindingarheimildir, fjárhagslegt svigrúm og boðskiptaleiðir í bæjarkerfinu. Bæjarritari kvað hafa verið erfitt fyrir bæjaryfirvöld að gera sér grein fyrir því fyrirfram með hvaða hraða safnið mundi dafna, en talið hefði verið brýnast að útvega því og skjalaverði húsnæði og starfsaðstöðu og tryggja fé til að greiða leigu og hefja starfsemi. Eins og áður hefur komið fram (sbr. 1. fg., 7. l.) heyrir safnið og rekstur þess að óbreyttu undir fjármála- og stjórnsýslusvið Kópavogsbæjar og rekstrarkostnaður þess í ár er færður í bókhald bæjarskrifstofanna. Við endurskoðun fjárhagsáætlunar, að líkindum í ágúst eða september, er unnt að færa kostnaðinn á sérstakan deildarlykil. Má þá meta hvort ástæða þykir til að endurskoða fyrirkomulagið, en stjórnin hefur beint og óbeint mótandi áhrif á það hvernig á þessu verður tekið.

Ákvarðanir um eðlilegan kostnað vegna dagslegs rekstrar getur héraðsskjalavörður tekið í umboði stjórnar, en um verulegan stofnkostnað eða meiriháttar skuldbindingar og heimildir þótti eðlilegast að leita samráðs og samþykkis hjá bæjarritara sem er tengill héraðsskjalavarðar á skrifstofum bæjarins.

### 2. Greinargerð héraðsskjalavarðar um stöðu mála.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt undir þessum lið. -

- a) Héraðsskjalavörður afhenti stjórnarmönnum skýrslu á ensku vegna kynnisferðar sinnar til Hollands í vetur (sbr. 2. fg., 3. l. a).
- b) Jafnframt upplýsti hann að tölvuforrit yrði fengið frá Þjóðskjalasafni (sbr. 1. fg., 6. l.), og yrði það skv. samkomulagi við Þjóðskjalasafn sett upp og leiðbeint um innslátt og notkun, héraðsskjalasafninu að kostnaðarlausu. Ákveðinn grunnhugbúnað þarf hins vegar til þess að geta notað tölvuforrit Þjóðskjalasafnsins. Um kaup á honum var héraðsskjalaverði falið að hafa samráð við bæjarritara.

- c) Héraðsskjalavörður kvað mikið hafa verið unnið í skjalageymslu í Hamraborg 14a. Bókhaldsgögnum og ýmsu hefði verið fleygt, en sitthvað annað verið flutt í Hamraborg 1-3.  
Í þessu sambandi var upplýst að nýr starfsmnaður, Anna Stella Snorradóttir, hefði hafið vinnu í hálfu starfi þar í safninu, en hún er auk þess í hálfu starfi á bæjarskrifstofunum í Fannborg. Þar er Arndís Guðmundsdóttir jafnframt í fullu starfi við skjalavörslu. Að auki væri öðrum af tveimur riturum bæjarstjóra, Bergljótu Sveinsdóttur, ætlað að starfa eitthvað að skjalavörslu skv. starfslýsingu, eftir því sem þörf krefur.
- d) Þá var gerð grein fyrir ýmsu í sambandi við frágang og búnað í húsnæði safnsins og upplýst að bréfalykill safnsins væri kominn í rafrænt form, en samvinna er höfð við Þjóðskjalasafn um merkingar.
- e) Rætt var um vinnuáðstöðu í safninu, m.a. aðstöðu gesta, í sambandi við vilja eigandans, Þorra, til þess að geta nýtt sameiginlegt húsnæði til veitinga.
- f) Héraðsskjalavörður kvaðst hafa tekið saman upplýsingar um safnið og afhent bænum til nota í ársskýrslu hans.
- g) Héraðsskjalavörður hafði þær upplýsingar frá Þjóðskjalaverði að framlag ríkisins til safnsins næmi 300 þús. kr., en væri fyrirfram ætlað til ákveðinna verkefna. Skjalaverði var falið að kynna sér hvaða háttur hefði verið hafður á meðferð þess fjár í öðrum héraðsskjalasöfnum.

### 3. Tækjabúnaður.

Rætt var um kaup á ljósritunarvél sem nauðsynlegt er að fá án tafar (sbr. 2. fg., 2. l.) og hvaða gerð mundi henta best. Á fleira var dregið í sambandi við tækjubúnað.

### 4. Kynning á safninu og fyrirhuguð opnun þess.

Sumarleyfi voru framundan hjá ýmsum. Talað var um að stjórnin hittist næst á fundi eftir verslunarmannahelgi og stefnt skyldi að formlegri opnun safnsins 1. september.

### 5. Önnur mál.

- a) Í sambandi við ræstingar var héraðsskjalaverði falið að ræða við rétta aðila hjá bænum og í framhaldi af því við ræstingafólk um þau mál.
- b) Formaður kvaðst mundu ræða við fulltrúa Þorra og aðra sem málið varðar um afnot eiganda og leigjanda af sameiginlegu húsnæði (sbr. 2. l. e).

Fleira gerðist ekki.  
Fundu slitið kl. 18.00.

Hilmar Björgvinsson  
formaður

Hjörtur Pálsson  
ritari

Gylfi Gröndal

Leó Ingason  
héraðsskjalavörður

